

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur ehf. Hitaveita.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur ehf., skammstafað OH. Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á heitu vatni, sbr. reglugerð fyrir OH, nr. 647/1995.

2. gr.

Hitaorkutaxtar.

Hitaorkutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr./m³) greiðist fyrir hvern rúmmetra vatns. Sé um nýtt hús að ræða hefst gjaldtaka þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu OH (við áhleypingu).

Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á vatnsmagni.

Iðnfyrirtæki, þar sem heitt vatn er beinn þáttur í framleiðsluferlinu, geta sótt um að kaupa vatn á lægra gjaldskrárverði. Slíkt iðnaðarvatn er verðlagt á 25% af gjaldskrárverði. Ekki er veittur afsláttur á vatni til húshitunar eða þrifa á tækjum og húsnæði.

3. gr.

Heimæðar.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi OH. Heimæðargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OH. Afstöðumynd er sýnir allar lagnir skal fylgja umsókn. Gjaldskrá miðast við að frágangur inntaksstaðar og lóðar hafi verið tekinn út og samþykktur af OH. Gjaldskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu 70 sm dýpi frá tengistað OH við lóðarmörk að inntaksstað mannvirkis og frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OH. Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist aukagjald samkvæmt gjaldskrá. Rör sem lagt er að lóðarmörkum skal vera 110 mm. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimæðar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt gjaldskránni.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OH. Þetta ákvæði gildir einnig þegar heimæð er stækkuð.

Þegar heimæð er stækkuð skal greiða fullt heimæðargjald fyrir hina nýju heimæð að fráregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimæðar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OH.

Hámarksstærð heimæðar samkvæmt gjaldskrá er 40 mm. Óski notandi eftir stærri heimæð er gerður um það sérstakur samningur.

Við inntaksstað á heitu vatni skal vera niðurfall.

4. gr.

Ýmis ákvæði.

Reglubundinn álestur mælitækja vegna vatnsgjalds er innifalinn í föstu gjaldi, sbr. 2. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni til tvisvar á ári. Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

Undirbúningur að stöðvun afhendingar á heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans.

Komi til stöðvunar afhendingar á heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd.

Gjalddagi og eindagi eru tilgreindir á reikningi.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur OH standi undir rekstri, aukningu veitukerfa og arði.

5. gr.

Gjöld.

Almennt notkun:

Vatnsgjald	86,11 kr./m ³
Fast gjald	12.519 kr./ár.

Heimæðar:

20-32 mm	183.882 kr.
40 mm	255.391 kr.

Álestur 1.040 kr.

Lokun vegna vanskila 3.436 kr.

Ídráttarrör vantar eða ónothæft 6.599 kr.

Frostálag vegna heimlagnar 1.980 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, og lögum um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, nr. 13 16. mars 2005, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2009 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ehf. með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 2008.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.